

Föstudaginn 6. október 1989.

Nr. 381/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Ólafi Þór Þórhallssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Málsvarnarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með bókun á dómþingi 30. september 1989. Gögn málsins bárust Hæstarétti 2. október 1989 og athugasemdir ríkissaksóknara og réttargæslumanns varnaraðila 4. sama mánaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði verulega stytur. Einnig er krafist hæfilegra málsvarnarlauna úr ríkissjóði til skipaðs réttargæslumanns varnaraðila sérstaklega í þessum þætti málsins.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málsvarnarlaun verða ekki dæmd sérstaklega í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 30. september 1989.

Ár 1989, laugardaginn 30. september, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Hinn 31. júlí sl. var hér við embætti og að fram kominni kröfu ríkissaksóknara kveðinn upp úrskurður um framlengt gæsluvarðhald Ólafs Þórs

Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 1. ágúst og allt að jafnlengd 30. þessa mánaðar, þ.e. í dag.

Í málsatvikum úrskurðar þessa var skráð svo:

„Lögreglan í Reykjavík hefur frá lokum apríl sl. samfellt rannsakað ætlað stórfellt kókaínmisferli, sem margir aðilar eru taldir tengjast.

Gangur rannsóknar og þróun eru rækilega rakin í kröfugerð lögregluþyrvalda í Reykjavík, sem fram var lögð hér fyrir dómi í dag. Vegna rannsóknarinnar hafa til þessa sætt gæsluvarðhaldi eftirtaldir aðilar:

Einn þeirra er Ólafur Þór Þórhallsson, kt. 170264-2669, sem úrskurðaður var í gæsluvarðhald 12. maí sl., en það framlengt með úrskurði, upp kveðnum 12. júní sl., og enn á ný framlengt með úrskurði, upp kveðnum 12. júlí sl., sem rennur út kl. 15.00 á morgun.

Samkvæmt ofangreindri kröfugerð og fram lögðum gögnum er Ólafur Þór Þórhallsson grunaður um að hafa átt frumkvæði að og skipulagt ætlað stórfellt kókaínmisferli auk annars með því að:

1) stofna og reka bilaleigufyrirtæki tímabilið apríl-sept. á sl. ári í helmingafélagi við Garðar Bragason gagnert í því skyni að afla með þeim hætti fjármuna til fíkniefnakaupa erlendis og dreifingar með hagnaði hérlendis,

2) eftir að hafa ákveðið, að keypt yrði 1 kg af kókaíni í Bandaríkjunum og því smyglað hingað til lands í notaðri bifreið, unnið til liðs við ráðagerð Kára Elíasson, annars vegar til kaupa á nefndri bifreið, en hins vegar til fjárframlaga og eignarhluta í ofangreindu kókaíni,

3) hafa 12. okt. 1988 í Reykjavík afhent Garðari Bragasyni 8.000 Bandaríkjadali til nefndra kókaínkaupa,

4) hafa 23. okt. 1988 með nafngreindum flugþjóni sent Garðari Bragasyni til Orlando í Bandaríkjunum 5.000 dali til viðbótar, enn til sömu kókaínkaupa, og þar nánar um að ræða framlagshlut áður nefnds Kára Elíassonar,

5) hafa 22. nóv. 1988 aðstoðað Garðar Bragason að Smiðjuvegi 40 D í Kópavogi við að nálgast þar í varahjólí pallbifreiðar 970 g af kókaíni,

6) við sama tækifæri fengið Sigurði Axelssyni í hendur umrætt efnismagn til flutnings og geymslu að Reykási 41 hér í borg,

7) í beinu framhaldi þar af komið að Reykási 41 ásamt sambýliskonunni Vilborgu Yrsu Sigurðardóttur og gengið úr skugga um, að kókaínið væri á geymslustað,

8) í lok nóvember 1988 að heimili sínu ásamt Garðari Bragasyni vegið í smærri einingar ofangreind kókaínefni, en aðgreint efnishlut Kára Elíassonar,

9) um svipað leyti að Hverfisgötu 41 í Reykjavík afhent Kára Elíassyni liðlega 200 g af kókaini sem efnishlut hins síðarnefnda samkvæmt fyrrgreindu peningaframlagi,

10) tímabilið des. 1988 til loka febr. 1989 margsinnis sótt í Reykás 41 kókain í söluskyni, samtals nálægt 250 grömmum, og á sama tímabili greitt Garðari Bragasyri í reiðufé 400-500 þús. kr. sem helmingshlut hins síðarnefnda af söluandvirði kókainefna,

11) enn á sama tímabili afhent Jóni Sæmundssyni samtals 70 g af kókaini,

12) í samráði við Garðar Bragason í apríl 1989 leigt bankahólf á nafni Sigurðar Axelssonar og þar geymt kókainefni, sem lögregla síðar fann.

— — —

Í gær lagði ftr. ríkissaksóknara hér fyrir dómi fram kröfu um og með vísan til 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, að framlengt yrði með dómsúrskurði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallsssonar allt að 30. nóvember nk. kl. 15.00, en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli Ólafs Þórs, ef fyrr yrði.

— — —

Niðurstöður.

Að öllu ofangreindu athuguðu og virtu þykja hér eiga við skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og með sömu rökum og hér að ofan eru rakin úr dómsúrskurði frá 31. júlí sl.

Ekki verður talið í ljós leitt, að orðið hafi óeðlilegar tafir í umfjöllun og vinnslu máls af hálfu ákærvalds frá 12. þessa mánaðar.

Þykir með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 4. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 eiga að verða við þeirri kröfu ríkissaksóknara, að framlengt verði gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallsssonar frá kl. 15.00 að telja 30. september 1989 og allt að sama tíma 30. nóvember nk., en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli Ólafs þessa, ef fyrr yrði. Margt þykir benda til, að dómsmeðferð máls þessa muni verða umfangsmikil og tímafrek. Tímamörkin 30. nóvember nk. í kröfugerð ákærvalds eru því ekki talin óraunhæf í þessu samhengi. Með vísan til 3. gr. laga nr. 48/1988 er sem fyrr miðað við, að gæslufanginn njóti á ofangreindu tímabili réttarstöðu afplánunarfanga og þar með vistunar í samræmi þar við og rýmra hreyfifrelsis.

Úrskurðarorð:

Framlengt er gæsluvarðhald Ólafs Þórs Þórhallssonar, kt. 170264-2669, frá kl. 15.00 að telja 30. september 1989 og allt að sama tíma 30. nóvember 1989, en þó ekki lengur en til uppsögu héraðsdóms í máli þessu, ef fyrr yrði, enda njóti nefndur aðili í þessari vistun réttarstöðu afplánunarfanga.
